

Mánudaginn 23. maímán.

Nr. 10/1881

Hið opinbera

gegn

Jakob Jónssyni.

## D ó m u r:

Með dómi, sem kveðinn var upp á lögreglupingi Reykjavíkur kaupstaðar 19. dag marzmán. þ. á., var hinn kærði, Jakob Jónsson, dæmdur fyrir ólöglega lausamensku til að greiða 30 kr. sekt, er að helmingi skyldi renna í fátækra sjóð Reykjavíkur kaupstaðar, en að helmingi til fátækra fulltrúanna þar; skyldi hann þar að auki greiða 1 hundrað á landsvísu eftir þá gildandi verðlagsskrár meðalverði, eins og líka allan af málinu leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefir að beiðni hins kærða, Jakobs Jónssonar, verði skotið til yfirdómsins.

Það er ljóst af skjölum málsins, sem sum ekki hafa komið fram fyr en fyrir yfirdóminum, að hinn kærði á heima í Utah í Bandaríkjunum í Vesturheimi, og hefir hann lagt fram skírteini fyrir því, að hann hafi beiðst þess, að mega verða borgari í Bandaríkjunum, að hann kom hingað að haustið 1879, ekki til þess að setjast hér að, heldur til þess samkvæmt fram lögðu erindisbréfi sínu að flytja og boða svo nefnda mormónstrú, sem hann hefir tekið, og loks hefir hinn kærði lýst því yfir, að hann ætli að hverfa aftur til Vesturheims nú í vor, eða fyrri part sumars. Með því hinn kærði þannig ekki hefir tekið sér bólfestu hér í landi, heldur er hér um stundarsakir, getur honum ekki borið skylda til að fara í vist, en af því leiðir aftur, að hann ekki getur hafa brotið gegn ákvörðunum tilsk. 26. maímán. 1863 um lausamenn, og ber því, að dæma hann sýknan af kæru hins opinbera í þessu máli, og eftir málavöxtum að greiða allan af málinu löglega leiðandi

kostnað af almanna fé, þar á meðal málfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði, Jakob Jónsson, á að vera sýkn af kæru hins opinbera í þessu máli. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almanna fé.

Mánudaginn 30. maímán.

Nr. 1/1881

L. A. Snorrason kaupm. á Ísafirði

geg

Jóni Jónssyni, Á. Ásgeirssyni, M. Jochumssyni og bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar.

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 3. janúarm. þ. á., hefir L. A. Snorrason, kaupmaður á Ísafirði, áfryjað til yfirdómsins úrskurði, kveðnum upp í uppboðsrétti Ísafjarðarkaupstaðar 27. marzmán f. á., og uppboði, sem fram fór sama dag, samkvæmt téðum úrskurði. Á uppboði þessu voru samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar í nefndum kaupstað 6 lóðarblettir í kaupstaðnum seldir á leigu fyrir fardagaárið 1880—81 til þilskipa uppsáturs, en þar eð áfryjandinn áleit, að rétti sínum sem lóðareiganda í kaupstaðnum væri hallað með þessari sölu, mótmælti hann henni, en mótmæli hans voru ekki tekin til greina. Hefir hann nú krafizt hér fyrir réttinum, að hinn áfryjaði úrskurður, og